

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr., sbr. reglugerð nr. 268, 12. maí 1989, er heimilt að nota þorskfisknet með 6 þumlunga riðli (152 mm) í sunnanverðum Faxaflóa til og með 31. janúar, á svæði innan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Akranesflös.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. janúar 1992.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um frest til fullnaðartollafgreiðslu vara vegna breytinga á aðflutningsgjöldum.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi eftirtaldar breytingar á gjaldtöku innfluttra vara: Auglýsing nr. 76/1991, um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 31. mars 1987, með síðari breytingum,

Reglugerð nr. 600/1991, um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald, Reglugerð nr. 601/1991, um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, Reglugerð nr. 602/1991, um jöfnunargjald á innflutt súkkulaði, og Reglugerð nr. 629/1991, um breyting á reglugerð nr. 613 31. desember 1987, um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 114. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, að veita frest til 17. janúar 1992 til fullnaðartollafgreiðslu vara sem gjaldabreytingar samkvæmt ofangreindum stjórnvaldsfyrirmælum taka til og teknar höfðu verið til tollmeðferðar í skilningi 2. mgr. 1. gr. tollalaga nr. 55/1987 fyrir 1. janúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.